

67. fundur skráningarráðs, haldinn miðvikudaginn 14. mars 2012, í húsakynnum Landskerfis bókasafna, kl. 9 -11.

Fundarmenn: Gunnhildur Loftsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir (fundarritari), Sigrún J. Marelsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir.

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Farið yfir fundargerð síðasta fundar.
2. **Tónlistarhópur.** Uppfæra inngangsskjal með endurskoðuðum skáletruðum texta og endurskoða gátlista með hliðsjón af þessum breytingum. ÞS / HG ætla að laga þetta.
3. **Flutningur rafrænna gagna** Sigrún Hauksdóttir segir frá flutningi á OECD/ Oxford færslum fyrir rafrænar bækur inn í Gegni, að beiðni Háskólans í Reykjavík. Fanney, Þóra Gylfadóttir og Dögg Hringsdóttir í vinnuhóp vegna þessa. Fjöldi af gölluðum færslum fluttur inn í Gegni án þess að skráningarráð eða gæðahópur Gegnis vissi af þeim.

Móta þarf verkferla fyrir tilvik sem þetta. Skylda Landskerfis / þeirra sem biðja um slíkan flutning að tilkynna það til skráningarráðs. Setja saman vinnuhópa í hverju tilviki. Að lokum er það á ábyrgð þess safns sem biður um flutning að leiðrétta endanlega gallaðar færslur.

4. **Skráning tengdra verka** . Þóra les úr 66. fundargerð skráningarráðs. Vísað er t.d. í þrjár samstæðar bækur Jóns Kalmans Stefánssonar og samstæðar bækur Einars Mús Guðmundssonar.

Samþykkt að nota ekki 780/785 (tímarit - nýr / eldri titill). Nota 500 sviðið í staðinn. Setja dæmi um þetta í handbók skrásetjara.

Ritaraðir eru þó stundum notaðar til hægðarauka t.d. Harry Potter serían.

5. Önnur mál.

Sigrún Hauksdóttir segir frá fyrirhuguðu skráningarnámskeiði. Vangaveltur um hvaða kröfur ætti að gera um lágmarkskunnáttu í bókasafns- og upplýsingafræðum til að fá undanþágu á Gegnisnámskeið. Samþykkt var að gera kröfu um grunnnámskeið í skráningu, flokkun og lyklun til þátttöku í skráningarnámskeiði.

Undanþágubeiðnir. Tvær undanþágubeiðnir samþykktar vegna þátttöku á skráningarnámskeiði.

Syrpa – Sigrún Marelsdóttir sýndi dæmi um Syrpu-útgáfur, smásyrpu, jóla- og sumarsyrpur, og fór yfir vandkvæði í skráningu þeirra. Lausnin að fara með smásyrpurnar eins og tímaritstitla.

Rætt um efni, þegar skráð í Gegni, sem er til rafrænt hjá útgáfustofnunum, og skort á tenglum þar á milli. Dæmi af Landgræðslu ríkisins.

Rætt um nauðsyn samræmdra efnisorða- og nafnmyndaskráa vegna aðildarsafna í tengslum við www.leitir.is. Mikill hægðarauki væri að lykilskrám á vef.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11. Næsti fundur verður haldinn 9. maí 2012 kl. 9.